



Reykjavík, 21. febrúar 2024

MSS24010122

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn um viðmið um hönnun stólpa í borgarlandinu

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 1. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hefur Reykjavíkurborg einhver viðmið á hönnun stólpa á milli gangstétta og gatna í borgarlandinu, með tilliti til sýnileika þeirra? Þessir lágu stólpar geta valdið sjónskertu og blindu fólki verulegum vandræðum og jafnvel meiðslum. Staðsetning þeirra verður að vera fyrir utan hefðbundið göngusvæði og alls ekki í vegi fyrir úrræðum sem hægt er að nota sem leiðarlínur fyrir fólk með þreifistafi.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Umsögn:

Pollar hafa helst verið notaðir til að koma í veg fyrir að lagt eða ekið sé ólöglega á gangstéttum í borgarlandinu. Það er sorglegt að slíkt þurfi til en ökutæki á gangstéttum þrengja að gönguleiðum og skyggja á gangandi vegfarendur við göngupveranir.

Við alla hönnun í borgarlandi er tekið mið af aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2022-2026 sem var samþykkt í borgarstjórn 3. maí 2022. Reynt er eftir fremsta megni að takmarka aðgengishamlandi þætti. Þó þarf stundum að horfa til annarra sjónarmiða þegar kemur að hönnun, t.a.m. umferðaröryggis. Í slíkum tilfellum þarf að vega og meta hvaða þættir skulu vega þyngra við hönnun en í öllum tilfellum ætti breidd göngusvæðis að uppfylla lágmarkskröfur.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík